

Mál nr. 36/2019

**M og
V v/ kaskótryggingar bifreiðar.**

Ágreiningur um bótaskyldu er vél bifreiðar drap á sér og mun hafa eyðilagst.**Gögn.**

Málskot, móttækið 31.1.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 7.1.2019, ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

Hinn 29. desember 2018 drapst fyrirvaralaust á vél í bifreið M með þeim afleiðingum að hún hætti að virka og er líklega ónýt að sögn M.

M hefur krafist bóta úr kaskótryggingu bifreiðarinnar sem hann hefur í gildi hjá V vegna þess tjóns sem hann kveður að hafi orðið á vél bifreiðarinnar í umrætt sinn. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki kemur fram í fyrirliggjandi tjónstilkynningu eða öðrum gögnum málsins hvað olli því að vélin drap á sér með fyrrgreindum afleiðingum.

Í 4. gr. skilmála kaskótryggingarinnar, sem hér eru til skoðunar, er í 15 töluliðum gerð grein fyrir bótasviði vátryggingarinnar. Þannig bætir vátryggingin m.a. tjón á ökutækinu vegna áreksturs þess og annars farartækis, áaksturs, veltu og hrops, útafaksturs, grjóthruns, skriðufalls, snjóflóðs úr fjallshlíð, aur- eða vatnsflóðs þó ekki vegna sjávarflóða, eldsvoða, þjófnaðar eða ef tilraun er gerð til þjófnaðar á því og skemmdarverka sem unnin eru af ásettu ráði af öðrum en vátryggðum.

M hefur sönnunarbyrði um það að það atvik sem olli því að vél bifreiðarinnar drap á sér og eyðilagðist, sé að rekja til einhverra þeirra tjónsorsaka sem falla undir bótasvið vátryggingarinnar og talin eru upp í fyrrgreindri 4. gr. vátryggingarskilmálanna. Sú sönnun hefur ekki tekist samkvæmt fyrirliggjandi gögnum. Af því leiðir að tjónið er ekki bótaskyldt úr kaskótryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík, 26. febrúar 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.